

Stjórn Reykjanesfólkvangs

kt. 581280-0419

Borgartúni 10-12 – 105 Reykjavík

Fundur í Stjórn Reykjanesfólkvangs 28. jan. 2015.

Fundur haldinn kl. 16.00 í Tindstöðum, Borgartúni 12-14

Mættir: Sverrir Bollason, formaður, Þorvaldur Örn Árnason, Jóna Sæmundsdóttir, Finnur Sveinsson og Margrét Pálsdóttir.

Einnig sátu fundinn René Biasone og Þórólfur Jónsson sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Reykjanesfólkvangur og Bláfjallafólkvangur

Formaður fór yfir helstu þætti í umgjörð og starfsemi Reykjanesfólkvangs, vinnu með stjórnunaráætlun og mismunandi hugmyndir um hvert bæri að stefna. Einnig tengsl Reykjanesfólkvangs og Bláfjallafólkvangs og hugmyndir um jarðvang.

Rætt var um Bláfjallafólkvang og stjórn skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins sem sér um rekstur skíðasvæðisins í Bláfjöllum en hugar ekki að öðrum þáttum í fólkvangnum. Unnið er að því að styrkja aðra þætti í stefnumörkun á þessu svæði með því að skipa að nýju stjórn fólkvangsins sem ekki sér um stjórnun skíðasvæðisins.

2. Starfsemi stjórnar

Fundarmenn ræddu sína sýn á starf stjórnarinnar, einnig fundartíma sem er áætlaður á miðvikudögum kl. 16, ca mánaðarlega fram til vors.

Á næsta fundi er áætlað að fá skýrslu landvarðar og ársreikning 2014.

Fundi slitið 17:40